

Efnisyfirlit

Tillögur til 31. aðalfundar	2
Félag smábátæigenda á Austurlandi	2
Hrollaugur	3
Árborg	3
Reykjanes.....	3
Báran	4
Reykjavík	5
Snæfell.....	6
Krókur.....	6
Elding.....	7
Strandir	7
Skalli	8
Klettur	9
Fontur.....	10
Stjórn Landssambands smábátæigenda.....	11
Drangey - smábátafélag Skagafjarðar	18

Tillögur til 31. aðalfundar

Landssambands smábátæigenda

Allsherjarnefnd

Félag smábátæigenda á Austurlandi

*Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi,
haldinn 26. september 2015, samþykkti eftirfarandi:*

Ekki sameina veiðikerfi

1. Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi beinir því til aðalfundar LS að hafna alfarið öllum hugmyndum um sameiningu veiðikerfa.

Ekki kvóta á grásleppu

2. Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi hafnar hugmyndum um kvótasetningu á grásleppu.

Skoðanir báta og búnaðar, óhófleg gjaldtaka

3. Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi vill að athugað verði hvort ekki sé möguleiki á útboði / tilboði fyrir félagi í LS í hinar ýmsu skoðanir sem smábátæigendur verða að framkvæma á bátum sínum. Að nýir gúmmibátar verði skoðanafríir fyrstu 5 árin.

Reglugerð 812 / 2015

4. Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi vill að aðalfundur LS taki afstöðu til reglugerðar 812/2015 sem fjallar um skipti á aflamarki.

Hrollaugur

*Aðalfundur Hrollaugis, félags smábátæigenda á Hornafirði,
haldinn 27. september 2015, samþykkti eftirfarandi:*

5. Aðalfundur Hrollaugis skorar á stjórnvöld að breyta lögum um veiðigjald þannig að útgerðum án vinnslu verði veittur afsláttur af gjaldinu. Frá því veiðigjald var sett á hefur munur á afkomu einstakra útgerðarflokka aukist verulega, þannig að minni útgerðir eiga undir högg að sækja. Nauðsynlegt er að sporna gegn þessari þróun, m.a. með mismunandi upphæð veiðigjalds.

Árborg

*Aðalfundur Árborgar, félags smábátæigenda á Suðurlandi,
haldinn 15. september 2015, samþykkti eftirfarandi:*

6. Árborg leggur til að útgerðir sem ekki hafa vinnslu og landa á markaði fái afslátt af veiðigjöldum.

Reykjanes

*Aðalfundur Reykjaness, félags smábátæigenda á Reykjanesi,
haldinn 3. október 2015, samþykkti eftirfarandi:*

7. Aðalfundur Reykjaness skorar á stjórnvöld að gera engar breytingar á reglum um vigtun nema tryggt sé að þær auki gæði frá því fiskur er veiddur og þar til hann er kominn á disk neytenda.

Greinargerð

Sjávarútvegsráðherra hefur boðað breytingar á lögum um vigtun sjávarafla.

Í því er gert ráð fyrir að leyfi til endurvigtunar verði afnumið og vigtun afla hjá dagróðrabátum ljúki á hafnarvog með ísfrádragi að hámarki 4%.

Við slíka breytingu er ljóst að umstöflun við endurísun til flutnings verður óhjákvæmileg sem leiðir til rýrnunar gæða.

Við fyrirhugaðar breytingar þarf að taka sérstakt tillit til að afla dagróðrabáta er landað óslægðum.

8. Aðalfundur Reykjaness þakkar þá miklu öryggisgæslu sem Vaktstöð siglinga veitir sjófarendum. Fundurinn telur að þau tæki sem um borð eru séu góð viðbót við öryggi sem býr í bát og skipstjóra. Það er mat fundarins að bilun tækja í dagróðrum strandveiða eigi ekki að þýða endalok sjóferðar.

9. Aðalfundur Reykjaness hafnar öllum hugmyndum um að ríkið yfirtaki veiðirétt á fiskimiðum við Ísland.

Greinargerð

Veiðiréttur á fiskimiðum við Ísland hefur aldrei verið eign íslenska ríkisins.

10. Aðalfundur Reykjaness leggur til að gerð verði allsherjarúttekt á AIS kerfinu m.t.t. sendistyrks og skuggasvæða.

11. Aðalfundur Reykjaness mótmælir harðlega öllum hugmyndum um kvótasetningu á grásleppu.

Báran

Aðalfundur Bárunnar, félags smábátæigenda í Hafnarfirði, Garðabæ og Álftanesi, haldinn 12. september 2015, samþykkti eftirfarandi:

12. Aðalfundur Bárunnar beinir því til 31. aðalfundar LS að óskað verði eftir breytingum á lögum um stjórn fiskveiða er varða 50% veiðiskyldu.

Greinargerð

Ótækt er að engar undanþágur skuli vera hægt að veita vegna óviðráðanlegra aðstæðna t.d. ef bátur verður frá veiðum á síðari hluta árs. Brýnt er að rýmka ákvæði um undanþágu t.d. að skoðunarstofu verði heimilt að meta eðli bilana og hvaða áhrif hún hefur á veiðar viðkomandi.

13. Aðalfundur Bárunnar vill að LS óski eftir að Samgöngustofa leiti upplýsinga frá Noregi um reynslu þeirra af notkun „vökustaura“ um borð í fiskibátum þar sem slíkur búnaður er lögleiddur. Búnaðurinn er tengdur ganghraða bátsins og skynjar hreyfingar um borð og gefur frá sér hvellt hljóð ef engin hreyfing er í ákveðinn tíma.
14. Aðalfundur Bárunnar hvetur til að færabátar fái 50% afslátt af veiðigjaldi á makríl.

Reykjavík

Aðalfundur Smábátafélags Reykjavíkur,

haldinn 14. september 2015, samþykkti eftirfarandi:

15. Aðalfundur Smábátafélags Reykjavíkur vill afnema hrygningarstoppið vegna góðrar stöðu á þorsstofninum og þjónar engum tilgangi lengur hvað varðar smábáta.
16. Aðalfundur Smábátafélags Reykjavíkur vill að byrjunartími snurvoðarbáta sé áfram 1. september í Faxaflóa.
17. Aðalfundur Smábátafélags Reykjavíkur vill að reglugerðarlokun standi ekki lengur en 6-8 mánuði.
18. Aðalfundur Smábátafélags Reykjavíkur vill að þegar mælt er undirmál í bátum í sambandi við lokanir sé samræmi á milli þeirra mælinga og mælinga Fiskistofu. Nú er undirmál á þorski miðað við 50 cm en Fiskistofa flokkar undirmál allt undir 55 cm.

Snæfell

*Aðalfundur Snæfells, félags smábátæigenda á Snæfellsnesi,
haldinn 13. september 2015, samþykkti eftirfarandi:*

19. Aðalfundur Snæfells skorar á stjórnvöld að auka rannsóknir á lífríki Breiðafjarðar, sérstaklega ef auka eigi nýtingu sjávargróðurs úr firðinum og hvaða áhrif það hafi á lífríki Breiðafjarðar.
20. Aðalfundur Snæfells telur brýnt að efla þurfi öryggismál sjómanna
21. Aðalfundur Snæfells telur að reglugerðarhólfín eigi að opna tafarlaust og að ráðuneytið hlusti betur á heimamenn í sambandi við lokanir.
22. Aðalfundur Snæfells skorar á Samgöngustofu að nöfn báta séu rétt skráð á AIS. Ella fái þeir bátar ekki haffærisskírteini.
23. Aðalfundur Snæfells samþykkir að lánmarksfélagsgjöld aðildarmanna LS verði kr. 50.000 (fimmtíu þúsund krónur) á ári og hækki þau frá því sem nú er, á þremur árum, upp í umrædda upphæð. Ekki verði átt við hámarksgjald né prósentu.
24. Aðalfundur Snæfells vill að eigendur grásleppuleyfa fái að kjósa um það einir, hvort kvótasetja eigi grásleppu eða ekki.

Krókur

*Aðalfundur Strandveiðifélagsins Króks, félags smábátæigenda í Barðastrandarsýslu,
haldinn 19. september 2015, samþykkti eftirfarandi:*

25. Strandveiðifélagið KRÓKUR mótmælir öllum hugmyndum um kvótasetningu á grásleppu.

Elding

*Aðalfundur Eldingar, félags smábátæigenda í Ísafjarðarsýslum,
haldinn 20. september 2015, samþykkti eftirfarandi:*

26. Elding leggur til að skipstjórar fái að ráðstafa VS-afla til styrktar líknarsamtökum.
27. Elding leggur til að Hafró afli upplýsinga um það magn af fæðu sem makrílinn tekur til sín á grunnslóð þann tíma sem hann dvelur í íslenskri landhelgi.
28. Að sambandi í AIS kerfinu verði stórbætt úti fyrir Vestfjörðum sama má segja um síma og talstöðvarsamband. Ef nota á þessi kerfi sem öryggis- eða eftirlitskerfi verða þau að virka almennilega, það vantar búnað í landi til að svo verði.
29. Elding samþykkir að stjórn LS vinni að því að útgerðir án vinnslu fái afslátt af veiðigjöldum.
30. Elding leggur til að leyft verði að landa lúðu án þess að andvirðið fari að 80% í Hafró.
31. Að sett verði skilyrði á allan flotann að landa á fiskmarkað að ákveðinni %.

Strandir

*Aðalfundur Stranda, félags smábátæigenda í Strandasýslu,
haldinn 20. september 2015, samþykkti eftirfarandi:*

32. Aðalfundur Stranda mótmælir harðlega öllum hugmyndum um kvótasetningu á grásleppu.

33. Aðalfundur Stranda mótmælir síaukinni gjaldtöku á útgerð smábáta sem byggðar eru á úreltum reglum frá hinu opinbera.

Skalli

Aðalfundur Skalla, félags smábátæigenda á Norðurlandi vestra, haldinn 23. september 2015, samþykkti eftirfarandi:

34. Grásleppumál

Aðalfundur Skalla hvetur til að fjöldi veiðidaga taki mið af markaðsaðstæðum. Skalli hafnar þeirri aðferðafræði sem Hafrannsóknastofnun beitir við stofnstærðarmælingu á grásleppu.

35. Veiðigjöld

Aðalfundur Skalla lýsir vonbrigðum yfir að ekki hafi verið tekið tillit til sjónarmiða LS við breytingar á lögum um veiðigjöld.

36. Fljótagrunn

Aðalfundur Skalla fagnar ákvörðun sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að fella úr gildi reglugerð nr. 742/2009 um friðað hólf á Fljótagrunni fyrir handfæraveiðum.

37. Dragnótaveiðar

Aðalfundur Skalla fagnar ákvörðun sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að setja reglugerð nr. 780/2015 sem tryggir bann við dragnótaveiðum á Skagafirði og Húnaflóa til 31. ágúst 2017.

Klettur

*Aðalfundur Kletts, félag smábátæigenda Ólafsfjörður - Tjörnes,
haldinn 4. október 2015, samþykkti eftirfarandi:*

Veiðiheimildir

38. Aðalfundur Kletts skorar á sjávarútvegsráðherra að færa reglur um VS afla til fyrra horfs þ.e.a.s. fiskveiðiárið eitt tímabil.

Stjórn fiskveiða

39. Aðalfundur Kletts mótmælir þeim miklu álögum og gjöldum sem smábátaútgerð sætir, svo sem í formi veiðigjalda og alls kyns eftirlits og þjónustukostnaðar. Stór aukinn kostnaður síðustu ára ásamt óskilvirku regluverki hefur rýrt rekstrarhæfi margra útgerða. Þessi gjöld eru orðin útgerðum mjög íþyngjandi.
40. Aðalfundur Kletts skorar á stjórnvöld að einfalda sem mest vigtarreglur og framkvæmd á vigtun bolfiskafla. Styður Klettur þá hugmynd að afli sé endanlega vigtaður á hafnarvog með fastri ísprósentu sem endurspeglar að meðaltali rétta vigtun á fiski. Í kringum 6-8% frádrag vegna íss hjá dagróðrabátum í stað þeirra 3% sem nú eru.
41. Klettur telur brýnt að tryggð verði virkari verðmyndun á fiski m.a. með því að tryggja með reglum aukið framboð afla á skipulögðum uppboðsmörkuðum.
42. Aðalfundur Kletts skorar á stjórnvöld að tryggja að langdrægni AIS kerfisins sé með þeim hætti að það nái yfir þekktar veiðislóðir smábáta s.s. svæðið í kringum Kolbeinsey, Hornbanka og norðanverðar Strandir. Því er harðlega mótmælt að farsvið smábáta sé takmarkað við ástand og ásigkomulags AIS eftirlitkerfisins eins og það er á hverjum tíma.

43. Aðalfundur Kletts skorar á sjávarútvegsráðherra að breyta fyrirkomulagi reglugerðalokana þannig að reglugerð sem felur í sér lokun hólfa falli úr gildi eigi síðar en sex mánuðum eftir að þau hafa verið ákveðin.
44. Aðalfundur Kletts leggur til að veiðar línubáta yfir 30 brt innan viðmiðunarlínu verði takmarkaðar. (hægt að taka mið af takmörkunum við togveiðar)

Umhverfi

45. Aðalfundur Kletts lýsir ánægju með að stjórnvöld skuli hafa brugðist við og hlutast til um að Eyjafjörður verði hreinsaður af aflögðum búnaði og línunum sem áður tilheyrðu fisk- og kræklingaræktendum á svæðinu.
46. Aðalfundur Kletts mótmælir harðlega fyrirhuguðu 8.000 tonna laxeldi Norðanlax í Eyjafirði. Fyrirhuguð staðsetning fiskeldisins liggur í og við Bakkaál, sem er mjög mikilvæg veiðislóð fyrir smábáta sem stunda línuveiðar í Eyjafirði. Ljóst er að með þeim fiskeldisáformum sem fyrirhugaðar eru mun verða gengið harkalega á rétt sjómanna sem nýtt hafa umrædda veiðislóð árum saman. Jafnframt er óljóst hver áhrifin af stórfelldu fiskeldi verða á lífríki Eyjafjarðar og þá nytjastofna sem þar eru.

Fontur

*Aðalfundur Fonts, félags smábátæigenda á Norðausturlandi,
haldinn 25. september 2015, samþykkti eftirfarandi:*

47. Aðalfundur Fonts mótmælir harðlega öllum hugmyndum um kvótasetningu á grásleppu.
48. Aðalfundur Fonts skorar á innanríkisráðherra að gera breytingar á lögum þannig að skipaskoðun smábáta verði annað hvert ár.

49. Aðalfundur Fonts skorar á sjávarútvegsráðherra að beita sér fyrir að hluti af tekjum af veiðigjaldi verði varið til markaðssetningar sjávarafurða.

Stjórn Landssambands smábátæigenda

*Stjórn Landssambands smábátæigenda samþykkti á fundi
16.júlí sl. að leggja fyrir 31. aðalfund LS eftirfarandi:*

50. Breytingar á samþykktum LS

1. gr. verði óbreytt

Nafn sambandsins er Landssamband smábátæigenda (LS). Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. verði óbreytt

LS er samband félaga og svæðisfélaga smábátæigenda. Tilgangur þess er að tryggja sameiginlega hagsmuni smábátæigenda á öllum sviðum, vera opinber málsvari þeirra og stuðla að framförum á sviði fiskveiða, vöruvöndunar, öryggis- og tryggingamála og annarra mála er þá varða.

Þá skal félagið sérstaklega vera málsvari félagsmanna, svæðisfélaga og undirfélaga þeirra gagnvart stjórnvöldum og stjórnvaldsaðgerðum er lúta að fiskveiðum, öryggismálum, tryggingamálum, málefnum vöruvöndunar og eftirlits og félagslegum réttindum.

Til að tryggt sé að LS geti fylgt eftir þessum markmiðum er formanni og framkvæmdastjóra heimilt, að fengnu samþykki stjórnar, að höfða hvers konar dómsmál á framangreindum sviðum í nafni LS til þess að gæta hagsmuna svæðisfélaga, undirfélaga innan svæðisfélaga, félagsmanna og einstakra félagsmanna.

Heimild þessi nær einnig til að áfrýja dómi til Hæstaréttar Íslands og þeirra dómstóla erlendis er fjalla um mannréttindamál.

3. gr. tillaga að breytingu

Í stað:

Samkvæmt 2. gr. er æskilegt að stofna svæðisfélög eða önnur félög sem sækja um aðild að LS.

Komi:

Sérhver félagsmaður / lögaðili í Landssambandi smábátæigenda skal greiða árlegt félagsgjald. Upphæð félagsgjalds skal vera 0,5% af aflaverðmæti hvers báts. Stjórn er heimilt að leggja fyrir aðalfund tillögu að hámarks- og lágmarksgjaldi.

4. gr. tillaga að breytingu

Í stað 1. mgr.:

Stjórnir félaga og svæðisfélaga smábátæigenda skulu senda stjórn LS skrá um félaga sína svo og smábáta þeirra þar sem greint er frá nöfnum báta og rúmlestatölu svo stjórnin hafi yfirlit yfir félögin.

Komi:

Stjórnir félaga og svæðisfélaga smábátæigenda skulu senda stjórn LS skrá um félagsmenn sína.

2. mgr. 4. gr. verði óbreytt. Gerð er tillaga um að greinin í heild orðist svo:

Stjórnir félaga og svæðisfélaga smábátæigenda skulu senda stjórn LS skrá um félagsmenn sína.

Félög og svæðisfélög smábátæigenda skulu sjálf setja sér samþykktir en skulu leitast við að þær brjóti ekki í bága við samþykktir LS. Til þess að félag geti verið aðili að LS þarf það að hafa fulla heimild til að fara með mál félaga sinna og undirrita samþykktir um þau með fyrirvara um samþykki eigin funda. Hverju félagi er heimilt að fela LS sín baráttumál og samninga um einstök mál.

5. gr. tillaga að breytingu

Í stað:

Komi til þess að félag ákveði að segja sig úr LS skal úrsögnin vera skrifleg og undirrituð af stjórnendum félagsins.

Úrsögnin miðast við áramót með minnst 6 mánaða fyrirvara.

Komi:

Komi til þess að félagsmaður eða lögaðili segi sig úr LS skal úrsögnin vera skrifleg.

Úrsögn miðast við áramót með minnst 6 mánaða fyrirvara.

6. gr. verði óbreytt

Stjórn LS boðar fundi í sambandinu í samræmi við lög þessi. Lögmætir fundir LS hafa æðsta vald í öllum málefnum þess innan þeirra takmarkana sem samþykktir setja. Afl atkvæða ræður úrslitum.

7. gr. verði óbreytt

Aðalfundur skal haldinn fyrir 15. nóvember eftir nánari ákvörðun sambandsstjórnar. Stjórn LS getur boðað aukafund þegar hún telur ástæðu til. Félögin geta krafist aukafundar en til þess þarf minnst 1/4 atkvæða innan sambandsins. Fundinn ber að boða innan 7 daga eftir að krafa berst þess efnis.

8. gr. verði óbreytt

Til aðalfundar skal boða með 4-5 vikna fyrirvara. Aukafundi skal boða með eigi skemmri fyrirvara en 10 daga á skilmerkilegan hátt. Ef formanni eða stjórn LS sýnist brýn nauðsyn bera til er heimilt að boða til fundar með skemmri fyrirvara. Fundarboð skal senda stjórnnum félaganna með fyrirvara. Í fundarboði skal getið helstú mála sem koma eiga fyrir fundinn.

9. gr. verði óbreytt

Aðalfundur og aðrir fundir eru löglegir ef löglega er til þeirra boðað.

10. gr. tillaga að breytingu – við greinina bætist 1 ml.

Í stað:

Tillögur um breytingar á lögum skulu hafa borist stjórn LS það tímanlega að hægt sé að senda þær stjórnnum félaganna með fundarboði.

Komi:

Tillögur um breytingar á lögum skulu hafa borist stjórn LS það tímanlega að hægt sé að senda þær stjórnnum félaganna með fundarboði. Æskilegt er að framboð til formanns verði tilkynnt á sama tíma.

11. gr. tillaga að breytingu – yfirstrikað falli brott – **rauðlitað** bætist við:

Rétt til að sækja aðalfund LS hafa:

1. 36 kjörnir fulltrúar svæðisfélaga, skipt í hlutfalli við fjölda báta í eigu aðila innan hvers svæðisfélags og greitt hefur verið fyrir í félagsgjaldi næstliðins árs.
2. Stjórn LS og framkvæmdastjóri.
3. Útgerðarmenn smábáta **innan vébanda LS**, sem áheyrnarfulltrúar með tillögurétt og málfrelsi.

12. gr. tillaga að breytingu – yfirstrikað falli brott:

Formaður ~~stjórnar~~ LS setur fundi sambandsins og stjórnar kosningu fundarstjóra og fundarritara. Fundarstjóri skal strax rannsaka hvort löglega sé til hans boðað. Lýsir hann því síðan yfir hvort fundurinn sé lögmætur. Atkvæðagreiðsla og önnur meðferð mála fer eftir almennum fundarsköpum sem fundarstjóri kveður nánar á um. Sé skriflegar atkvæðagreiðslu óskað skal hún fara fram.

13. gr. tillaga að breytingu

Í stað

Á aðalfundi LS skal kjósa 15 manna stjórn að fengnum tillögum frá hverju svæðisfélagi, formann, félagslega endurskoðendur og taka fyrir brýn mál sem tillögur koma fram um.

Komi:

Á aðalfundi skal tekið fyrir eftirfarandi:

1. *Skýrsla stjórnar um starfsemi og rekstur félagsins þess á liðnu starfsári.*
2. *Ársreikningur félagsins fyrir síðasta reikningsár skal lagður fram til samþykktar, ásamt athugasemdum skoðunarmanna.*
3. *Kosning 15 manna stjórnar að fengnum tillögum frá hverju svæðisfélagi.*
4. *Kosning formanns.*
5. *Kosning tveggja félagslegra skoðunarmanna.*
6. *Ákvörðun þóknunar til formanns og stjórnar fyrir störf þeirra á kjörtímabilinu.*
7. *Tillögur um lagabreytingar sem löglega eru bornar fyrir sbr. [10. gr.](#)*
8. *Önnur mál.*

14. gr. tillaga að breytingu – yfirstrikað falli brott:

Rita skal fundargerðir aðalfunda, aukafunda og stjórnarfunda ~~frankvæmdaráðs~~. Fundargerðir verði aðgengilegar á rafrænu formi.

15. gr. tillaga að breytingu

Í stað 2. mgr.:

Fyrir hvern aðalfund LS skal endurskoða fulltrúafjölda svæðisfélaganna, samkvæmt þeim reglum sem notaðar hafa verið.

Komi:

Fyrir hvern aðalfund LS skal endurskoða fulltrúafjölda svæðisfélaganna, sem tekur mið af fjölda báta sem greitt hefur verið félagsgjald fyrir næstliðið almanaksár. Þrátt fyrir framangreint skulu öll svæðisfélög LS hafa að lágmarki 1 fulltrúa á aðalfundi.

1. mgr. 15. gr. verði óbreytt. Gerð er tillaga um að greinin í heild orðist svo:

Stjórn LS skal skipuð 16 mönnum. Stjórnin skipti með sér verkum, að öðru leyti en getur um í 13. grein. Kjörtímabil stjórnar er á milli aðalfunda, það er um það bil eitt ár.

Fyrir hvern aðalfund LS skal endurskoða fulltrúafjölda svæðisfélaganna, sem tekur mið af fjölda báta sem greitt hefur verið félagsgjald fyrir næstliðið almanaksár. Þrátt fyrir framangreint skulu öll svæðisfélög LS hafa að lágmarki 1 fulltrúa á aðalfundi.

16. gr. verði óbreytt

Er þrír stjórnarmenn óska fundar um ákveðið mál skal formaður boða stjórnina á fund svo skjótt sem kostur er. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum en falli atkvæði jafnt ræður atkvæði formanns.

17. gr. verði óbreytt

Stjórnin ræður öllum málum LS milli funda og getur innan takmarkana þessara laga skuldbundið sambandið með ályktunum sínum og samþykktum með fyrirvara um samþykki hvers félags. Stjórninni er óheimilt að takast á hendur fjárhagsskuldbindingar umfram eðlilegan rekstur.

18. gr. verði óbreytt

Stjórn LS skal ráða sér framkvæmdastjóra sem hefur með höndum afgreiðslu þeirra mála sem upp koma á milli stjórnarfundu. Starfsmaður sambandsins skal hafa það starf með höndum að fylgjast með starfsemi félaganna, kynna smábátæigendum helstu mál sem uppi eru hverju sinni, vinna að framgangi í tryggingamálum, öryggismálum og öðrum þeim málum er hagsmuni þeirra varða. Hann skal vera opinber málsvari þeirra og kynna málefni þeirra í fjölmiðlum og vinna að öðru leyti í samræmi við lög þessi og samþykktir stjórnar LS og

aðalfundar. Framkvæmdastjóri hefur heimild til að undirrita skjöl fyrir sambandið, þó í samráði við stjórn LS ef um miklar skuldbindingar er að ræða. Framkvæmdastjóri skal stjórna skrifstofu LS, hafa á hendi allar daglegar framkvæmdir, allt reikningshald, undirbúning og afgreiðslu mála í samráði við stjórnina. Stjórn LS skal ákveða kjör framkvæmdastjóra.

19. gr. verði óbreytt

Félagar í LS sem taka að sér störf fyrir sambandið skulu fá greiðslu fyrir það samkvæmt reikningi sem stjórn LS úrskurðar.

20. gr. verði óbreytt

Reikningsár LS skal vera almanaksárið.

21. gr. tillaga að breytingu – **rauðlitað** bætist við:

Þyki ráðlegt eða nauðsynlegt að leysa LS upp skulu tillögur þar að lútandi fara sama veg og tillögur til lagabreytinga. Verði sambandið leyst upp skulu eignir þess varðveitast þar til annar félagsskapur rís í sama formi með sömu markmið og renna þá til hans. Stjórn sú sem síðast var kosin skal fjalla um það atriði ef til kemur.

22. gr. verði óbreytt

Lög þessi öðlast þegar gildi og má aðeins breyta á löglegum aðalfundi ef 2/3 hlutar fulltrúa samþykkja breytingarnar.

Drangey - smábátæfélag Skagafjarðar

7.september 2015

51.

Landssamband smábátæigenda

Til 31. aðalfundar LS

Frá Drangey – smábátæfélagi Skagafjarðar

Málefni: Tillaga að lagabreytingum.

Óskað er eftir breytingum á 13. og 15. gr. samþykktu Landssambands smábátæigenda.

13. gr.

Á aðalfundi LS skal kjósa 15 manna stjórn að fengnum tillögum frá hverju svæðisfélagi, formann, félagslega endurskoðendur og taka fyrir brýn mál sem tillögur koma fram um.

Tillaga Drangeyjar: Í stað 15 komi 16

15. gr. (1. ml. orðast svo)

Stjórn LS skal skipuð 16 mönnum

Tillaga Drangeyjar: Í stað 16 komi 17

Greinargerð:

Drangey – smábátæfélag Skagafjarðar var stofnað á Sauðárkróki 24. janúar 2015. Á stofnfundi félagsins var samþykkt að óska eftir að Drangey yrði eitt af svæðisfélögum LS og mundi þannig fá sinn fulltrúa í stjórn landssambandsins. Tillögum Drangeyjar er ætlað að ryðja úr vegi hindrunum í samþykktum LS um fjölda svæðisfélaga og stjórnarmanna í LS.

Virðingarfyllst,

H. Steinar Skarphéðinsson formaður

Drangeyjar – smábátæfélags Skagafjarðar